

REGLUGERÐ

um söluskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan fyrirtækis eða stofnunar.

1. gr.

Hver sá sem rekur eigin þjónustu eða starfsemi innan fyrirtækis eða stofnunar, þar með talin framleiðsla vöru til eigin þarfa, sem söluskattsskyld væri við sölu til annarra, skal reikna söluskatt af slíkri þjónustu eða starfsemi og standa skil á honum til ríkissjóðs, sbr. þó 3. gr. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort aðalstarfsemi viðkomandi aðila er undanþegin söluskattsskyldu eða ekki. Til eigin þjónustu eða starfsemi í þessu sambandi telst einnig ráðning aðila til tímabundinna verkefna innan fyrirtækis eða stofnunar, t.d. ráðning iðnaðarmanns til þess að annast söluskattsskyldar eigin viðgerðir eða framkvæmdir.

Með fyrirtæki samkvæmt þessari grein er átt við atvinnurekstur hvort sem hann er á vegum einstaklinga eða lögaðila.

2. gr.

Við ráðstöfun fyrirtækis eða stofnunar á vörum eða vinnuafli véla og manna í eigin þágu skv. 1. gr., sbr. þó 3. gr., ber að líta á fyrirtækið eða stofnunina sem neytanda eða sérstakan viðskiptaaðila og telst þessi ráðstöfun til söluskattsskyldrar sölu sem eigin úttekt, sbr. 5. tl. 10. gr. og 2. tl. A-liðs 1. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

3. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. skal ekki greiða söluskatt af eftirtalinni starfsemi:

- a) Eigin skrifstofuþjónustu.
- b) Eigin bifreiðanotkun.
- c) Eigin vélavinnu og eigin viðgerðum bænda á vélum og tækjum sem notaðar eru við landbúnað.
- d) Eigin rekstri sjúkrahúsa og annarra stofnana sem falla undir 8. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

Kaupi stofnanir, sem um ræðir í þessum staflíð, mat af aðilum sem getið er í 3. tl. 13. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt skulu þær greiða söluskatt af þeim kaupum en heimilt skal að endurgreiða þeim þann söluskatt sem þær greiða með þessum hætti eftir nánari reglum sem fjármálaráðuneytið setur.

- e) Rekstri þvottahúsa sömu aðila og um ræðir í d-lið. Undanþága samkvæmt þessum lið tekur aðeins til þvotta á fatnaði og rúmfötum sjúklinga eða vistfólks og þvotta sem beinlínis er í sambandi við starfsemi umræddra stofnana.

Kaupi framangreindar stofnanir að þá þjónustu, sem um ræðir í þessum staflíð, skulu þær greiða söluskatt af þeim kaupum, en heimilt skal að endurgreiða þeim söluskatt, sem þær greiða með þessum hætti, eftir nánari reglum sem fjármálaráðuneytið setur.

4. gr.

Til skattskyldrar eigin þjónustu eða starfsemi fyrirtækis eða stofnunar skv. 1. gr., með þeim takmörkunum þó sem um ræðir í 3. gr., telst m.a.:

- a) Hvers konar véla- og tækjanotkun, þar með talin vinna þeirra sem vélunum og tækjunum stjórna, í eigin þágu fyrirtækis eða stofnunar, t.d. við mannvirkjagerð, innréttingar, vélauppsetningar eða aðrar eigin framkvæmdir í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð. Sama á við um véla- og tækjanotkun vegna viðhalds og endurbóta og aðra eigin þjónustu í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð.
- b) Vinna starfsmanna fyrirtækis eða stofnunar í eigin þágu við viðhald og viðgerðir véla, tækja, húsgagna og áhalda í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð.

5. gr.

Til skattskyldrar úttektar fyrirtækis eða stofnunar á eigin framleiðslu eða endursöluvörum til notkunar í eigin þágu telst m.a. úttekt á eftirfarandi:

- a) Efni og vörur til bygginga, innréttinga og annarra framkvæmda.
- b) Vélar, tæki og áhöld til iðnaðar, framleiðslu, smíða og flutninga.
- c) Efni og vörur til viðhalds og endurbóta á fasteignum, innréttingum, vélum, tækjum og áhöldum.
- d) Rekstrarvöru og hjálparefni vegna rekstrar fasteigna, véla, tækja, áhalda eða til notkunar við innri starfsemi fyrirtækisins.

6. gr.

Söluskattsstofn vegna þeirrar eigin þjónustu sem um ræðir í a-lið 4. gr. ákvarðast sem hér segir:

1. Vinnuvélanotkun skal reiknuð á útsöluverði skv. gildandi gjaldskrá Félags vinnuvélaeigenda á hverjum tíma eftir því sem hún á við að viðbætti vinnu vélamanns skv. almennum reglum um útselda vinnu.
2. Notkun annarra véla og tækja en þeirra sem um ræðir í 1. tl. skal miðast við útsöluverð samkvæmt gildandi gjaldskrá viðkomandi starfsgreinar á hverjum tíma.
3. Sé ekki til opinber gjaldskrá vegna vinnuvélanotkunar skv. 1. tl. eða annarrar véla- og tækjanotkunar skv. 2. tl. skal ákvarða söluskattsstofn með hliðsjón af gjaldskrá fyrir hliðstæðar vélar eða tæki hjá aðilum sem selja svipaða þjónustu.

7. gr.

Söluskattsstofn vegna þeirrar eigin þjónustu sem um ræðir í b-lið 4. gr. ákvarðast sem hér segir:

1. Eigin vinna reiknuð á útsöluverði. Selji fyrirtæki ekki slíka vinnu eða þjónustu á almennum markaði skal miða verðmæti eigin vinnu við útselda vinnu hliðstæðra iðn- eða þjónustufyrirtækja.
2. Ef fyrirtæki reiknar ekki verð eigin vinnu skv. 1. tl., þ.e. samkvæmt skráðum vinnustundafjöldi vegna eigin vinnu á útsöluverði, skal verðmæti vinnunnar metið þannig, að miðað sé við greidd vinnulaun til þeirra starfsmanna sem starfa að eigin þjónustu viðkomandi fyrirtækis, að viðbættu álagi samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

8. gr.

Við ákvörðun söluskatts af úttekt á eigin framleiðslu eða endursöluvörum fyrirtækis eða stofnunar til eigin nota skal miðað við almennt gangverð í sams konar viðskiptum.

9. gr.

Að öðru leyti en því sem sérstaklega er kveðið á um í reglugerð þessari skulu ákvæði reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum gilda eftir því sem við á.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 35/1986, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. maí 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.